LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU - 38. STARFSÁR

*THE HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 38TH SEASON*

# DAGSKRÁ

# *PROGRAMME*

**1. 12. 2019 – 28.11. 2020**













### *„Ég byrja reisu mín, Jesú, í nafni þín," kvað Hallgrímur*

Með nýju kirkjuári býður Listvinafélag Hallgrímskirkju unnendum lista og trúar enn á ný í ferðalag, sem hefst á fyrsta sunnudegi í aðventu 1. desember 2019. Boðið verður upp á fjölbreytilega áfangastaði undir hvelfingum Hallgrímskirkju, tónleika með tónlist frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar, stóra viðburði með hópi flytjenda í bland við tónleika þar sem Klais-orgelið og aðeins einn hljóðfæraleikari, organistinn, taka listvini í ferðalag um lendur tónlistarsögunnar. Stærstu viðburðirnir verða Messías eftir Händel 7. og 8. desember og Maríuvesper eftir Monteverdi 29. mars, en báðar þessar óratóríur verða fluttar með upprunahljóðfærum. Óvenjulegasti viðburðurinn verður án efa flutningur Jóhannesarpassíu Bachs með einungis þremur flytjendum hinn 4. mars. Tenórsöngvarinn Benedikt Kristjánsson, sem syngur nánast allt verkið í samleik orgels, sembals og margra slagverkshljóðfæra, hefur slegið rækilega í gegn í Þýskalandi.

Alþjóðlegt orgelsumar skartar sem fyrr mörgum framúrskarandi organistum sem koma víðs vegar að. Eftirsókn eftir því að halda orgeltónleika í Hallgrímskirkju er mikil, þökk sé góðum orðstír sem Klais-orgelið og Hallgrímskirkja hafa getið sér. Sálmafossinn verður á sínum stað á Menningarnótt með safnaðarsöng, kórsöng og orgelleik.

Þegar gengið er inn í Hallgrímskirkju er farið í gegnum litla forkirkju sem nýtt er sem sýningarrými fyrir myndlist. Sú upplifun að koma í kirkjuna byrjar þar, myndlistin býður fólk velkomið fyrir tilstilli listaverka valinkunnra listamanna. Á þessu starfsári verður boðið upp á fjórar sýningar frábærs myndlistarfólks.

Listvinafélag Hallgrímskirkju hefur það hlutverk að skipuleggja og efla listalíf kirkjunnar. Það hlutverk er mikilvægt. Listin er sannarlega einn af hornsteinum þjóðarhelgidómsins. Samspil trúar og listar Hallgrímskirkju hefur aðdráttarafl sem kallar marga til þátttöku í listreisum aftur og aftur.

Megi reisubæn Hallgríms óma í listalífi kirkjunnar hans: „Jesús mér fylgi í friði með fögru englaliði."

*Hörður Áskelsson, listrænn stjórnandi.*



# JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU

1.-31. DESEMBER 2019

**1. des** Sunnudagur, fyrsti sunnudagur í aðventu, upphaf nýs kirkjuárs 11:00

*Dec 1st* *Sunday, first Sunday of Advent, beginning of the new Church Year 11am*

## HÁTÍÐARMESSA, FYRSTA SUNNUDAG Í AÐVENTU

Hátíðarmessa fyrsta sunnudag í aðventu við upphaf nýs kirkjuárs. Prestar: Dr. Sigurður Árni Þórðarson og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Hrífandi aðventutónlist flutt og kveikt á fyrsta aðventukertinu. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Björn Steinar Sólbergsson leikur á Klais-orgel Hallgrímskirkju. Barnastarf. Hátíðarmessan markar upphaf 38. starfsárs Listvinafélags Hallgrímskirkju.



## HALLGRÍMSKIRKJA CHRISTMAS MUSIC FESTIVAL

DECEMBER 1st-31st 2019

## *A FESTIVE MASS ON THE FIRST SUNDAY OF ADVENT*

*Reverends Dr. Sigurður Árni Þórðarson and Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Charming advent music: The Hallgrímskirkja Motet Choir, conductor Hörður Áskelsson, Björn Steinar Orgelsson plays the Klais-Organ. Lighting of the first Advent Candle.*



SÝNINGAROPNUN I

## GUÐRÚN A. TRYGGVADÓTTIR

**1. des** Sunnudagur 12:15

*Dec 1st* *Sunday 12:15pm*

**Opnun myndlistarsýningar við messulok.**

Guðrún A. Tryggvadóttir sýnir málverk sem byggð eru á hugmyndafræðilegum og sögulegum grunni og fjalla um smiðinn, útskurðarmeistarann og listmálarann Ámunda Jónsson (1738–1805). Jafnhliða sýningunni kemur út bók hennar LÍFSVERK – Þrettán kirkjur Ámunda Jónssonar (LEGACY – Thirteen Churches by Ámundi Jónsson).

Sýningin stendur til 1. mars 2020. Listamannaspjall verður 24. janúar kl. 17.00. Sýningarstjóri er Hrafnhildur Schram.

Aðgangur ókeypis.



ART EXHIBITION OPENING I

## GUÐRÚN A. TRYGGVADÓTTIR

*Opening of the art exhibition "LEGACY – Ámundi Jónssons´ Thirteen Churches " by Guðrún A. Tryggvadóttir in the foyer of Hallgrímskirkja.*

*The art exhibition will open at end of mass. The art of Guðrún A. Tryggvadóttir reflects a conceptual and historical review of the carpenter, the carver and the painter Ámundi Jónsson (1738-1805). The publication of her book LÍFSVERK – Þrettán kirkjur Ámunda Jónssonar (LEGACY – Thirteen Churches by Ámundi Jónsson) coincides with the art exhibition.*

*Exhibition Manager: Hrafnhildur Schram. A conversation with the artist is scheduled on January 24th at 5pm. The exhibition will remain open until March 1st 2020.*

*Free entrance.*



# ÓRATÓRÍAN **MESSÍAS**

## EFTIR GEORG FRIEDRICH HÄNDEL

**7. des** Laugardagur 18:00
Dec 7th Saturday 6pm

**8. des** Sunnudagur 16:00
Dec 8th Sunday 4pm

Mótettukórinn, Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju og úrvalslið einsöngvara flytja Messías eftir Georg Friedrich Händel undir stjórn Harðar Áskelssonar 7. og 8. desember. Messías er eitt háleitasta og fegursta verk tónlistarsögunnar. Flutningur á Messíasi er hátíðarviðburður sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara. Mótettukór Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar hefur lengi verið meðal fremstu kóra á Íslandi. Verkefnalisti kórsins er langur og fjölskrúðugur. Þar má finna fjölmargar óratóríur, passíur og sálumessur en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka og unnið til verðlauna í alþjóðlegum kórakeppnum. Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju er skipuð úrvalshljóðfæraleikurum víðs vegar að úr heiminum og hefur undantekningarlaust fengið frábæra dóma fyrir leik sinn. Sveitin hefur átt ómetanlegan þátt í að kynna flutningsmáta og hljóðfæri barokktímans hér á landi.

Flytjendur:
**Mótettukór Hallgrímskirkju**
**Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju**
Stjórnandi:
**Hörður Áskelsson**
Konsertmeistari:
**Tuomo Suni**

Einsöngvarar:
**Herdís Anna Jónasdóttir** sópran
**David Erler** kontratenór
**Martin Vanberg** tenór
**Jóhann Kristinsson** bassi

***Aðgangseyrir:***
***9.900 kr. svæði A***
*( úrvalssæti fremst í kirkjunni )*
***6.900 kr. svæði B*** *( öll önnur sæti )*


Hörður Áskelsson


Tuomo Suni


Herdís Anna Jónasd.


David Erler


Martin Vanberg


Jóhann Kristinsson


Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju / *The International Baroque Orchestra in Hallgrímskirkja*

# MESSIAH BY HÄNDEL

*For Advent 2019, the Hallgrímskirkja Motet Choir, the Hallgrímskirkja International Baroque Orchestra and a stunning ensemble of soloists will be performing Handel's glorious oratorio Messiah, conducted by Hörður Áskelsson. Handel's Messiah is considered to be one of his most important compositions and indeed one of history's greatest. A live performance of Messiah is always a festive event which no music lover can afford to miss.*
*The Hallgrímskirkja Motet Choir, founded in 1982, has long been one of the leading choirs in Iceland. Its large and diverse repertoire includes many oratorios, passions and requiems, as well as a cappella sacred music from various periods. The choir has also premièred many Icelandic compositions and received prizes in international choir competitions. Members of the Hallgrímskirkja International Baroque Orchestra are all internationally renowned early music professionals and have been consistently praised for their performances in Iceland.*

*Admission: 9.900 ISK (zone A), 6.900 ISK (zone B), discount for students, disabled and members of the Friends of the Arts Society of Hallgrímskirkja. No discounts in Zone B.*

*Performers:*
*The Hallgrímskirkja Motet Choir*
*The International Baroque Orchestra in Hallgrímskirkja*
*Conductor: Hörður Áskelsson*
*Concert Master: Tuomo Suni*

*Soloists:*
*Herdís Anna Jónasdóttir soprano*
*David Erler contertenor*
*Martin Vanberg tenor*
*Jóhann Kristinsson bass*

*Admission: 9900 ISK (Zone A)*
*6900 ISK (Zone B).*

# LJÓS OG HLJÓMAR

**15. des** Sunnudagur 14:00
Dec 15th Sunday 2pm

**Schola cantorum á jólatónleikum EBU í beinni útsendingu úr Hallgrímskirkju. Á tónleikunum verður frumflutt jólalag Ríkisútvarpsins 2019. Þessir tónleikar eru samstarfsverkefni Listvinafélags Hallgrímskirkju og tónlistardeildar Rásar 1.**



Í ár valdi dómnefnd Sambands evrópskra útvarpsstöðva, EBU, kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum undir stjórn Harðar Áskelssonar, til að koma fram á árlegum jólatónleikadegi EBU. Tónleikarnir sem haldnir verða á jólatónleikadaginn víðs vegar í Evrópu eru sendir út í beinni útsendingu frá morgni til kvölds 3. sunnudag í aðventu. Á efnisskrá kórsins eru íslensk jólalög a cappella og latneskar mótettur frá endurreisnartímanum. Þetta eru verk eftir Sigurð Sævarsson, Gunnar Andreas Kristinsson, Báru Grímsdóttur, Hafliða Hallgrímsson, Þorkel Sigurbjörnsson, Auði Guðjohnsen, Daníel Bjarnason, Jacob Handl, Peter Phillips og fleiri.

***Aðgangur ókeypis.***

## *LIGHTS AND HARMONIES*

*Premiere of the National Radio Christmas Song 2019. A special collaboration concert of the Friends' of the Arts Society of Hallgrímskirkja and the music department of the RÁS 1 channel at the National Radio.*

*This year the jury of the European Broadcast Union (EBU) selected Schola Cantorum, Hallgrímskirkja's chamber choir, and conductor Hörður Áskelsson, to perform on the annual EBU Christmas concert day. On the EBU Christmas concert day, which this year is on the third Advent Sunday, multiple concerts will be performed around Europe and broadcasted live from morning until evening.*

*Schola Cantorum will perform icelandic Christmas songs a capella as well as latin renessaince motets. These include compositions by Sigurður Sævarsson, Gunnar Andreas Kristinsson, Bára Grímsdóttir, Hafliði Hallgrímsson, Þorkell Sigurbjörnsson, Auður Guðjohnsen, Daníel Bjarnason, Jacob Handl, Peter Phillips and more.*

*Free entrance.*

# HÁDEGISJÓLATÓNLEIKAR MEÐ **SCHOLA CANTORUM**

**20. des** Föstudagur 12:00
Dec 20th Friday 12pm

Schola cantorum syngur inn jólin með hádegistónleikum, þar sem eftirvænting, fögnuður og friður jólanna ræður ríkjum. Piparkökur og heitt súkkulaði í suðursal að loknum tónleikum.

Flytjendur: **Schola cantorum, kammerkór Hallgrímskirkju**, og einsöngvarar úr röðum kórfélaga. Stjórnandi er **Hörður Áskelsson**.

***Aðgangseyrir: 3.000 kr.***



## CHRISTMAS CONCERTO AT NOON *WITH* SCHOLA CANTORUM

*The chamber choir Schola cantorum performs diverse choral and christmas music.*
*Performers: Schola cantorum.*
*Conductor: Hörður Áskelsson.*
*Hot chocolate after the concert.*

*Admission: 3000 ISK.*

# HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

**30. des** Mánudagur 20:00
Dec 30th Monday 8pm

**31. des** Gamlársdagur 16:00
Dec 31st New Years Eve 4pm

Tveir ungir afburðatrompetleikarar koma frá New York og París til að færa okkur hátíðarstemningu áramótanna í samleik við Klais-orgelið í annað sinn, en þeir heilluðu áheyrendur með glæsilegum leik sínum um síðustu áramót.. Hátíðarhljómar eru einir vinsælustu tónleikar ársins og verða nú haldnir í 27. sinn.

Flytjendur: **Baldvin Oddsson** trompetleikari, **Jóhann Nardeau** trompetleikari og **Björn Steinar Sólbergsson** orgelleikari.

***Aðgangseyrir: 3.500 / 4.000 kr.***



## FESTIVE NEW YEAR SOUNDS

*The highly popular New Years event returns with festive music for two trumpets and organ.*
*Two exceptional young Icelandic trumpetplayers visit from New York and Paris to start the New Year festivities with the Klais Organ.*

*Performers: Baldvin Oddsson trumpet, Jóhann Nardeau trumpet, Björn Steinar Sólbergsson organ.*

*Admission: 3500 ISK / 4000 ISK,*

# 20 ÁRA SÁLMASAMSTARF **SIGURÐAR FLOSASONAR** OG **GUNNARS GUNNARSSONAR**

**6. feb** Fimmtudagur 20:15
Feb 6th *Thursday 8:15pm*

Organistinn **Gunnar Gunnarsson** og saxófónleikarinn **Sigurður Flosason** fagna tuttugu ára samstarfsafmæli með glæsilegum tónleikum í samvinnu við Mótettukór Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar. Í fyrri hluta tónleikanna munu Gunnar og Sigurður flytja eigin sálmaspunaútsetningar sem hafa komið út á fjórum geisladiskum þeirra og heyrst á fjölmörgum tónleikum undanfarna tvo áratugi. Hvor í sínu lagi hafa þeir félagar verið ötulir við að stækka sálmasjóð þjóðarinnar, Sigurður með tónsmíðum en Gunnar með útsetningum. Í síðari hluta tónleikanna munu þeir flytja eigin verk ásamt Mótettukórnum en þar blandast saman á ófyrirsjáanlegan máta tónsmíðar, útsetningar og spuni.


Gunnar Gunnarsson


Sigurður Flosason

***Aðgangur ókeypis.***

# *TWENTY-YEAR ANNIVERSARY CONCERT OF A UNIQUE SAXONPHONE/ORGAN COLLABORATION*



*The organist Gunnar Gunnarsson and the saxophone player Sigurður Flosason celebrate the twenty-year anniversary of their unique collaboration focusing on religious hymns. The occasion will be celebrated with a special concert in Hallgrímskirkja where the duo will be joined by Hallgrímskirkja Motet Choir conducted by Hörður Áskelsson. Gunnar and Sigurður will perform their renowned psalm improvisations performed on multiple concerts and published on four CDs in the last two decades during the first half of the concert. They have both enriched the Icelandic psalm register, Sigurður by composing new psalms and Gunnar with his arrangements. In the second half of the concert, Gunnar and Sigurður will be joined by the Hallgrímskirkja Motet Choir in performing their own compositions. Expect unique arrangements and improvisations. Free entrance.*



# RAUNIR JEREMÍA

**Tónlistarhópurinn Corpo di Strumenti og altsöngkonan Hildigunnur Einarsdóttir flytja Myrkralexíur eftir Charpentier og fleiri verk.**

Harmljóð Jeremía urðu kveikja að sérstöku tónlistarformi í Frakklandi á 17. öld sem nefnt var „leçons de ténèbres“ eða „myrkralexíur“. Þær voru í senn meinlætalegar og fágaðar og sungnar í dymbilviku. Óperuflutningur var bannaður á lönguföstu og því mátti nýta söngvara, tónskáld og tónlistarmenn, sem voru í þjónustu hirðarinnar, í kirkjunni á meðan. Sveitin Corpo di Strumenti og Hildigunnur Einarsdóttir altsöngkona spinna efnisskrána utan um Myrkralexíur eftir Marc-Antoine Charpentier, en einnig eldri harmljóðatónlist.

**8. feb** Laugardagur 16:00
Feb 8th *Saturday 4pm*

Flytjendur: **Hildigunnur Einarsdóttir** altsöngkona, **Maude Gratton** orgelleikari, **Brice Sailly** semballeikari, **Mathurin Matharel** pikkólósellóleikari og **Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir** sellóleikari, sem jafnframt er listrænn stjórnandi.

***Aðgangseyrir: 4.500 kr***


Corpo di Strumenti.


Hildigunnur Einarsd.


Maude Gratton


Brice Sailly


Mathurin Matharl


Steinunn A. Stefánsd.

# THE TRIALS OF JEREMIAH

*The musical group Corpo di Strumenti and alto Hildigunnur Einarsdóttir perform Charpentier's Leçons de ténèbres and other pieces.*

*The Trials of Jeremiah became the inspiration for a unique music form in 16th Century France called "Leçons de ténèbres" or "lessons in darkness". These lessons consisted of austere and refined performances of songs during Holy Week. Opera music was banned during Fast, but musicians, composers and singers that were in service at court, could be utilized by the Church in the meantime. The group Corpo di Strumenti and Hildigunnur Einarsdóttir alto singer will improvise their concert program around the Leçons de ténèbres of French composer Marc-Antoine Charpentier, but will also perform other older lamentations.*

*Performers: Hildigunnur Einarsdóttir alto, Maude Gratton organ, Brise Sailly harpsichord, Mathurin Mathatl piccolo cello and Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir cello and artistic director.*

*Admission: 4500 ISK.*

SÝNINGAROPNUN II

# KARLOTTA BLÖNDAL

**Opnun myndlistarsýningar við messulok.**

Karlotta Blöndal sýnir ný verk í Hallgrímskirkju þar sem hún skoðar tengslin milli hins efnislega og andlega, hins abstrakta og hlutbundna. Karlotta býr og starfar í Reykjavík og hefur sýnt í helstu sýningarrýmum á Íslandi og víða erlendis. Hún notar margs konar miðla í verkum sínum, bæði teikningar, málverk, innsetningar og gjörninga.

Sýningin stendur til 24. maí 2020.
Sýningarstjóri er Rósa Gísladóttir.

***Aðgangur ókeypis.***

ART EXHIBITION OPENING II

# KARLOTTA BLÖNDAL

**Opening at the end of Sunday mass.**

*The art exhibition will open at end of mass. Karlotta Blöndal will showcase new art pieces in Hallgrímskirkja where she investigated the connection between the physical and the spiritual, the abstract and the objective. She utilizes various mediums in her artwork, drawings, paintings, installations and performances.*

*Exhibition Manager: Rósa Gísladóttir. The exhibition will remain open until May 24th 2020.*

*Free entrance..*

**8. mars** Sunnudagur 12:15
Mar 8th *Sunday 12:15pm*





# JÓHANNESARPASSÍA BACHS
## Í BÚNINGI FYRIR EINSÖNG, SEMBAL, ORGEL OG SLAGVERK

*Jóhannesarpassía Bachs í flutningi þriggja afburðatónlistarmanna með þátttöku tónleikagesta.*

**4. mars** | Miðvikudagur 20:00
*Mar 4th* | *Wednesday 8pm*

Þessi einstæði flutningsmáti Jóhannesarpassíunnar hefur slegið í gegn í Þýskalandi og Hollandi. Benedikt Kristjánsson tenórsöngvari syngur passíuna frá upphafi til enda í samspili við orgel, sembal og fjölbreytt slagverkshljóðfæri. Verkefnið hlaut nýlega hin virtu Opus Klassik-verðlaun í flokknum Framsæknir tónleikar. Kirkjugestir taka þátt í sálmasöngnum.

Flytjendur: **Benedikt Kristjánsson** tenór, **Elina Albach** sembal- og orgelleikari og **Philipp Lamprecht** slagverksleikari.

***Aðgangseyrir: 6.900 kr***



## J. S. BACH'S ST JOHN PASSION FOR SOLOIST, HARPSICHORD ORGAN AND PERCUSSION

*Bach's St John Passion will be performed by three exceptional musicians and with audience participation. This unique performance style of the St John Passion has been a huge hit in Germany and the Netherlands. Benedikt Kristjánsson tenor will sing the passion from beginning to end accompanied by organ, harpsichord and a diverse percussion set. This project received the prestigious Opus Klassik prize recently, in the category Most Innovative Concert. Audience is encouraged to participate in singing the chorals.*

*Performers: Benedikt Kristjánsson tenor, Elina Albach harpsichord and organ, Philipp Lamprecht percussion.*

*Admission: 6900 ISK.*


Benedikt Kristjánsson


Elina Albach


Philipp Lamprecht

# KÓR CLARE COLLEGE Í CAMBRIDGE



**14. mars** | Laugardagur 17:00
*Mar 14h* | *Saturday 5pm*

Hinn virti kór **Clare College** í Cambridge, undir stjórn **Grahams Ross**, heimsækir Hallgrímskirkju og flytur mörg af dáðustu kórverkum sögunnar

***Aðgangseyrir: 2.500 kr***


Graham Ross

## CLARE COLLEGE CHOIR FROM CAMBRIDGE

*The highly regarded Clare College Choir from Cambridge, conducted by Graham Ross, visits Hallgrímskirkja and performs some of the most beloved choral pieces in musical history.*

*Admission: 2500 ISK*

# VESPRO DELLA BEATA VERGINE
## EFTIR CLAUDIO MONTEVERDI

**29. mars** | Sunnudagur 20:00
*Mar 29th* | *Sunday 8pm*

Maríuvesper frá 1610 eftir ítalska tónskáldið Monteverdi er einkar hrífandi og glæsileg tónsetning á hefðbundnum aftansöng (vesper) sem lýkur með lofsöng Maríu. Monteverdi er talinn einn af upphafsmönnum barokksins og er þetta stórkostlega verk nú flutt í fyrsta sinn í Hallgrímskirkju.

Flytjendur eru Schola cantorum ásamt einsöngvurum, málmblásarahópurinn Scandinavian Cornetts and Sackbuts sem danski cornettoleikarinn Lene Langballe fer fyrir, auk félaga úr Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju með fiðluleikarann Tuomo Suni í fararbroddi. Einnig mun sönghópurinn Cantores Islandiae koma fram á tónleikunum. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Endurflutt í Þýsku kirkjunni í Stokkhólmi og Kapellunni í Friðriksborgarhöll í Kaupmannahöfn 4. og 5. apríl.

Flytjendur eru **Schola cantorum** ásamt einsöngvurum, tónlistarhópurinn **Scandinavian Cornetts and Sackbuts**, sem danski kornettleikarinn **Lene Langballe** fer fyrir, auk félaga úr Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju með fiðluleikarann **Tuomo Suni** í fararbroddi. Einnig mun sönghópurinn **Cantores Islandiae** koma fram á tónleikunum. Stjórnandi er **Hörður Áskelsson**.

***Aðgangseyrir: 6.900 kr.***



## MONTEVERDI'S VESPRO DELLA BEATA VERGINE

*The Mary Vespers (1610) by Italian renaissance/early baroque composer Claudio Monteverdi, is a particularly enchanting and marvellous version of the traditional vesper singing form, which concludes with an appraisal of the Virgin Mary.*

*The concert will be repeated in the magnificent churches - the German Church in Stockholm and Frederiksborg Castle Church Copenhagen- April 4 & 5.*

*Performers: Schola Cantorum with solists from the choir, the music group Scandinavian Cornetts and Sackbuts led by Danish cornet-player Lene Langballe, and members from the International Baroque Orchestra of Hallgrímskirkja, led by violinist Tuomo Suni. The vocal group Cantores Islandiae will also appear. Conductor is Hörður Áskelsson.*

*Admission: 6900 ISK.*



**9. apr** Skírdagur 20:00
Apr 9th Holy Thursday 8pm

# GETSEMANESTUND – ÍHUGUNARSTUND MEÐ **SCHOLA CANTORUM**

Kvöldmessa þar sem síðustu kvöldmáltíðarinnar verður minnst. Í lok hennar verður haldin Getsemanestund þar sem altari Hallgrímskirkju er afskrýtt með táknrænum hætti. Schola cantorum syngur Miserere eftir Allegri.

***Aðgangur ókeypis***.

## GETSEMANEHOUR WITH SCHOLA CANTORUM

*A tranquil and symbolical ceremony when the ornaments are removed off the altar of Hallgrímskirkja.*

*Schola cantorum sings Miserere by Allegri, conducted by Hörður Áskelsson.*

*Free entrance.*



# **PASSÍUSÁLMAR** HALLGRÍMS PÉTURSSONAR

**10. apr** Föstudagurinn langi 13:00-18:00
Apr 10th Good friday 1-6pm



Heildarlestur Passíusálma Hallgríms Péturssonar. Gestir eru hvattir til að taka sína eigin Passíusálma með sér í kirkjuna til að fylgjast með lestrinum. .

Lesari: **Sigurður Skúlason** leikari.

Umsjón: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Sigurður Árni Þórðarson.

***Aðgangur ókeypis***.



Sigurður Skúlason.

## READING OF THE PASSION HYMNS

*The Passion Hymns are a collection of 50 poetic texts written by minister and poet Hallgrimur Petursson in the 17th century, telling the story of the Passion of Christ. They are read as a whole by various readers. .*

*Reader: Actor Sigurður Skúlason.*

*Free entrance.*




# **SÖNGVAHÁTÍÐ BARNANNA** Á SUMARDAGINN FYRSTA

**23. apr** Fimmtudagur, sumardagurinn fyrsti 13:30
Apr 23th Thursday 1:30pm

Söngvahátíð barnanna, þar sem barnakórar margra kirkna á höfuðborgarsvæðinu koma saman í Hallgrímskirkju og syngja fjölbreytta kirkjusöngva við undirleik hljóðfæraleikara, hefur lengi verið gleðilegur viðburður á dagskrá Listvinafélagsins. Dagskráin er í samvinnu við söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, Margréti Bóasdóttur, og verður nánar auglýst síðar.

***Aðgangur ókeypis***.



## THE CHILDREN'S SONG FESTIVAL

*Children from different Church Choirs from Reykjavík join together in song accompanied by various instruments. Supervisor: Margrét Bóasdóttir, Music Director of the National Church of Iceland.*

*Free entrance.*



## LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS Í HALLGRÍMSKIRKJU I

**2. maí** Laugardagur 14:00
*May 2nd* *Saturday* *2pm*

**Nemendur Tónlistardeildar Listaháskóla Íslands flytja fjölbreytta tónlist.**

Samstarf tónlistardeildar LHÍ við Hallgrímskirkju hefur borið ríkulegan ávöxt en í ár verða haldnir tvennir tónleikar undir þessum formerkjum. Aðsókn að tónleikunum hefur verið svo góð að þeir eru orðnir einn stærsti viðburðurinn í starfi tónlistardeildarinnar. Markmiðið með þessu samstarfi er að kynna nemendur skólans fyrir töfrum Klais-orgelsins og því hversu vel rými kirkjunnar hentar til tónlistarflutnings. Markmiðið er einnig að gefa listvinum í Hallgrímskirkju tækifæri til að heyra hvað hæfileikaríkir nemendur tónlistardeildar hafa fram að færa.

***Aðgangur ókeypis.***

## ICELAND UNIVERSITY OF THE ARTS IN HALLGRÍMSKIRKJA I

**Students of the Music Department of the Iceland University of the Arts perform a diverse selection of music.**

*The collaboration between the Music Department of the Iceland University of the Arts and Hallgrímskirkja has been very fruitful in the last years and will continue in 2020 with two separate events. Attendance to past events was phenomenal and they have become some of the largest events in the concert alendar of the Music Department. The goal of this collaboration is to introduce the music students to the magic of the Klais Organ and to Hallgrímskirkja church as a music venue, while simultaneously offering guests the opportunity to witness the talents of the music students.*

*Free entrance.*



SÝNINGAROPNUN III

## HARALDUR JÓNSSON

**Opnun myndlistarsýningar við messulok.**

Haraldur Jónsson sýnir nýja innsetningu í fordyri Hallgrímskirkju sumarið 2020. Í verkum hans fléttast ólík skynsvið saman og virkja nánustu staðhætti á ýmsa lund. Leiðarstef verkanna eru líkaminn og skynjunin í völundarhúsi tilfinninga og tungumáls, á stöðugu stefnumóti við hvert og eitt okkar.

Sýningin stendur til 30. ágúst 2020. Sýningarstjóri er Rósa Gísladóttir.

***Aðgangur ókeypis.***

**31. maí** Sunnudagur 12:15
*May 31st* *Sunday* *12:15pm*

ART EXHIBITION OPENING III

## HARALDUR JÓNSSON

**Opening at the end of Sunday mass.**

*Artist Haraldur Jónsson will open a new installation in the foyer of Hallgrímskirkja that will be on display during the summer of 2020. In his artwork different sensory fields intertwine with one another and the local settings in multiple and surprising ways. The guiding element is the human body and a sensory labyrinth-like experience of emotion and language, in a constant encounter with each and every one of us.*

*Exhibition Manager: Rósa Gísladóttir.*
*The exhibition will remain open until August 30th 2020.*

*Free entrance.*



## VORTÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU

**1. júní** Mánudagur, annar í hvítasunnu 17:00
*June 1st* *Whit Monday* *5pm*

Fjölbreytt kórtónlist með frönsku ívafi. Flutt verða verk eftir Gounod, Messiaen, Duruflé og fleiri tónskáld. Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgel.

Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Mótettukór Hallgrímskirkju hélt fyrstu vortónleika sína annan hvítasunnudag árið 1983. Síðan hefur sá dagur oft verið tími vortónleika þar sem kórinn hefur flutt mótettur og sálma í vorbirtu hvítasunnu. Að þessu sinni verður lögð áhersla á franska kirkjutónlist.

***Aðgangseyrir 3.500 kr.***



## HALLGRÍMSKIRKJA MOTET CHOIR ANNUAL SPRING CONCERT

*A choir concert with a diverse selection of mostly French choral and organ music including pieces by Gounod, Messiaen, Duruflé and others. Björn Steinar Sólbergsson plays the organ. Conductor is Hörður Áskelsson.*

*Hallgrímskirkja Motet Choir had its first ever spring concert in Hallgrímskirkja on the Day after Whitsunday in 1983. Since then has this day been the day of choice for the annual spring concert, with performances of motets and psalms in the bright spring whitsun light. This time the theme will be French religious music.*

*Admission: 3500 ISK*

# ALÞJÓÐLEGT **ORGELSUMAR 2020**

Fernir tónleikar á viku 20. júní til 23. ágúst

Þessir vinsælu og mjög vel sóttu sumartónleikar, sem nú verða haldnir 27. sumarið í röð, halda áfram að laða að sér afburðaorgelleikara frá mörgum þjóðlöndum. Tónleikarnir eru alla sunnudaga kl. 17.00 (klukkustund að lengd) og alla fimmtudaga og laugardaga kl. 12.00 (hálftími að lengd).

Á Alþjóðlegu orgelsumri 2020 koma fram konsertorganistar í fremstu röð frá ýmsum löndum en Klais-orgelið í Hallgrímskirkju er talið eitt merkasta orgel á Norðurlöndum. Erlendir konsertorganistar sækjast mjög eftir því að fá að koma fram á þessari viðurkenndu, þekktu og alþjóðlegu orgelhátíð.

Kammerkórinn Schola cantorum kemur fram á vikulegum tónleikum sem verið hafa í hádeginu á miðvikudögum. Stefnt er að því að færa þessa tónleika fram á kvöld. Það verður nánar auglýst síðar. Í hádeginu á fimmtudögum verða orgeltónleikar þar sem leikið verður á Klais-orgelið í samleik við önnur hljóðfæri eða með einsöngvurum. Íslenskir organistar bera uppi fimmtudagstónleikana.

Listrænn stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Sérprentuð dagskrá Alþjóðlegs orgelsumars verður birt vorið 2020.

***Aðgangseyrir: 2.500 kr. á fimmtudags- og laugardagstónleikana. 3.000 kr. á sunnudagstónleikana.***

Eftirtaldir orgelleikarar leika á helgartónleikum Alþjóðlegs orgelsumars 2020:

| | |
|---|---|
| 20. og 21. júní: | **Björn Steinar Sólbergsson**, Reykjavík |
| 27. og 28. júní: | **Kári Þormar**, Reykjavík |
| 4. og 5. júlí: | **Felix Hell**, Þýskalandi |
| 11. og 12. júlí: | **Thomas Ospital**, Frakklandi |
| 18. og 19. júlí: | **Kitty Kovács**, Vestmannaeyjum |
| 25. og 26. júlí: | **Tom Winpenny**, Englandi |
| 1. og 2. ágúst: | **Ken Cowan**, Bandaríkjunum |
| 8. og 9. ágúst: | **Iveta Apkalna**, Lettlandi |
| 15. og 16. ágúst: | **Douglas Cleveland**, Bandaríkjunum |
| 22. og 23. ágúst: | **Erik Westberg Vocal Ensemble**, **Schola cantorum** og **Mattias Wager** |



## INTERNATIONAL ORGAN SUMMER IN HALLGRÍMSKIRKJA 2020

Four concerts a week from June 20th to August 23rd

*These highly popular and well attended summer concert series returns for the 28th summer in a row and keep attracting exceptional organists from many countries. The concerts all take place on Sundays at 5 pm (1 hour concert) and on Thursdays and Saturdays at 12 pm (30 minute concert). The Klais-Organ in Hallgrímskirkja is considered one of the best organs in the Nordic Countries and attracts organists from all over the world. Participating in this international organ concert series is very popular among active organists.*

*The summer concert series of the chamber choir Schola Cantorum returns in 2020 with short but engaging concerts Wednesday evenings during the duration of the International Organ Summer concert series. More information at a later date. Coffee and refreshments will be offered after every concert.*

*During lunch on Thursdays, Icelandic organists will play the Klais-Organ accompanied by various other musicians and solists.*

*A special programme for the International Organ Summer in Hallgrímskirkja concert series will be available in spring 2020. Entry to all organ concerts is free for members of the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society.*

*The following organists will perform during the weekend concerts of the International Organ Summer series in 2020:*

| | |
|---|---|
| *June 20th/21st* | *Björn Steinar Sólbergsson, Reykjavík* |
| *June 27th/28th* | *Kári Þormar, Reykjavík* |
| *July 4th/5th* | *Felix Hell, Germany* |
| *July 11th/12th* | *Thomas Ospital, France* |
| *July 18th/19th* | *Kitty Kovács, Westman Islands, Iceland* |
| *July 25th/26th* | *Tom Winpenny, England* |
| *August 1st/2nd* | *Ken Cowan, USA* |
| *August 8th/9th* | *Iveta Apkalna, Latvia* |
| *August 15th/16th* | *Douglas Cleveland Seattle, USA* |
| *22./23. August* | *Erik Westberg Vocal Ensemble, Schola cantorum and Mattias Wager* |

*Admission: 2500 ISK for Thursday and Saturday concerts. 3000 ISK for Sundays.*
*Free for all members of the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society.*

# **SÁLMAFOSS** Á MENNINGARNÓTT

**22.ágúst** Laugardagur **15:00-21:00**
*Aug 22nd* *Saturday* ***3-9pm***

Samfelld dagskrá allan daginn í Hallgrímskirkju þar sem kórar, hljóðfæraleikarar og orgelleikarar flytja fjölbreytta efnisskrá. Mikill mannfjöldi sækir Hallgrímskirkju heim á þessum degi með stöðugum straumi gesta inn og út úr kirkjunni allan daginn. Kaffihús Listvinafélagsins verður starfrækt á Menningarnótt til styrktar starfi félagsins; falleg antíkbollastell gleðja augað og ilmandi vöfflur og aðrar kræsingar kæta gesti. Nánar auglýst síðar.

***Aðgangur ókeypis.***

## REYKJAVÍK CULTURE NIGHT

*A continuous programme of music and cultural events during "Sálmafoss" with choirs musicians and the Klais Organ. All events are free and attended by hundreds of people during the day. A special Café is operated by the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society in the church during Culture Night and raises funds in support of the art scene in Hallgrímskirkja.*

*Free entrance.*





SÝNINGAROPNUN IV

## RAGNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR

**6. sept** Sunnudagur 12:15
Sept 6th Sunday 12:15pm

**Opnun myndlistarsýningar við messulok.**

Ragnhildur Stefánsdóttir sýnir ný verk sem fjalla um tengsl og óljós mörk hins ytra og hins innra. Ragnhildur nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Carnegie Mellon-háskóla í Bandaríkjunum. Hún hefur sýnt skúlptúra og innsetningar víða á Íslandi og erlendis.

Sýningin stendur til 22. nóvember 2020. Sýningarstjóri er Rósa Gísladóttir.

***Aðgangur ókeypis.***

ART EXHIBITION OPENING IV

## RAGNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR

*The art exhibition will open at end of mass. Artist Ragnhildur Stefánsdóttir will display artwork that expresses the connection and unclear boundaries of the outer and the inner. Ragnhildur studied at the The Icelandic College of Arts and Crafts and at Carnegie Mellon University in the United States.*

*She has displayed her sculptures and installations widely both in Iceland and abroad.*

*Exhibition Manager: Rósa Gísladóttir The exhibition will remain open until November 22nd 2020.*

*Free entrance.*

## FJÖGUR **NÚTÍMASKÁLD**

**25. okt** Sunnudagur 17:00
Oct 25th Sunday 5pm

Fjögur skáld af yngri kynslóð kallast á við fjögur sálmaskáld frá fyrri öldum. Nútímaskáldin flytja sín eigin ljóð en segja um leið frá þeim áhrifum sem eldri kveðskapur getur haft. Í dagskránni koma fram ljóðskáldin **Arngunnur Árnadóttir**, **Dagur Hjartarson**, **Fríða Ísberg** og **Ægir Þór Jähnke**.

***Aðgangur ókeypis.***


Arngunnur Árnadóttir


Dagur Hjartarson


Fríða Ísberg


Ægir Þór Jähnke

## FOUR CONTEMPORARY POETS

*Four modern poets look back in time and express their connection to and inspiration from four ancient poets while reading their own work. Participating are the poets Arngunnur Árnadóttir, Dagur Hjartarson, Fríða Ísberg and Ægir Þór Jähnke.*

*Free entrance.*

## **SÁLUMESSA** Á ALLRAHEILAGRAMESSU

**1. nóv** Sunnudagur, allraheilagramessa 17:00
Nov 1st Sunday, All Saints Day 5pm



Árlegir tónleikar á allraheilagramessu þegar látinna er minnst um allan heim. **Schola cantorum** flytur áhrifarík verk tengd þessum degi.

Stjórnandi er **Hörður Áskelsson**.

Efnisskráin auglýst síðar.

***Aðgangseyrir: 4.500 kr.***

## REQUIEM ON ALL SAINTS DAY

*The annual concert on All Saints Day, in remembrance of those passed. Schola Cantorum performs a selection of atmospheric choral pieces.*

*Conductor: Hörður Áskelsson.*

*Further details at a later date.*

*Admission: 4500 ISK.*



## **LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS** Í HALLGRÍMSKIRKJU II

**14. nóv** Laugardagur 14:00
Nov 14th Saturday 2pm

Fjölbreyttir og metnaðarfullir tónleikar með nemendum úr tónlistardeild LHÍ.

***Aðgangur ókeypis.***

## ICELAND UNIVERSITY OF THE ARTS IN HALLGRÍMSKIRKJA II

*Students of the Music Department of the Iceland University of the Arts perform a diverse selection of music.*

*Free entrance.*



## Listvinafélag Hallgrímskirkju

var stofnað haustið 1982 og hefur það markmið að efla listalíf við Hallgrímskirkju og skipuleggja metnaðarfulla og vandaða listviðburði í kirkjunni sem fylla kirkjuna lífi og list.

Hróður listastarfsins í Hallgrímskirkju hefur borist víða um heim vegna mikils listræns metnaðar og glæsilegrar frammistöðu kóra og organista Hallgrímskirkju bæði hérlendis og á alþjóðlegum vettvangi. Einnig bera allir þeir fjölmörgu íslensku og erlendu listamenn, sem koma fram á vegum félagsins, þar á meðal eftirsóttir alþjóðlegir konsertorganistar og félagar í Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju, vitni um hið mikla og vandaða listastarf sem hér fer fram, en Alþjóðlega barokksveitin sem kennir sig nú við Hallgrímskirkju ( áður Den Haag) er skipuð afburða hljóðfæraleikurum, sem starfa með mörgum frægustu barokkhópum og stjórnendum heims.

Listvinafélagið skipuleggur 50-60 tónleika á ári og eru stærstu viðburðirnir Alþjóðlegt orgelsumar með um 40 tónleikum yfir sumarið og Jólatónlistarhátíð í Hallgrímskirkju með fjölmörgum jóla- og áramótatónleikum ásamt Sálmafossi með samfelldri 6 tíma tónleikadagskrá á Menningarnótt. Félagið skipuleggur þrjár til fjórar myndlistarsýningar á ári í forkirkju Hallgrímskirkju með viðurkenndum listamönnum, heildarlestur Passíusálma Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa o.fl.

Listvinafélagið styður einnig við fjölbreyttan og vandaðan tónlistarflutning í helgihaldi kirkjunnar ásamt kórum kirkjunnar og koma einnig margir gestakórar fram á þess vegum.

Nýsköpun hefur frá upphafi skipað stóran sess í starfi Listvinafélagsins og hafa fjölmörg verk íslenskra höfunda verið frumflutt á vegum Listvinafélagsins, tónverk, frumsamin ljóð, sálmar, leikrit auk þess sem félagið hefur staðið fyrir mikilli nýsköpun í myndlist með sýningarhaldi sínu.

Listvinafélagið er einnig bakhjarl Kirkjulistahátíðar sem haldin hefur verið á 2-3ja ára fresti allt frá hvítasunnu 1987 og verður hún haldin í 16. sinn árið 2021.

Félagar í Listvinafélagi Hallgrímskirkju mynda fjárhagslegan grunn að öflugu starfi félagsins með árgjöldum sínum. Listvinafélagið nýtur einnig árlega mikilvægs stuðnings frá Hallgrímssöfnuði, Tónlistarsjóði Menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborg.

Listrænn stjórnandi Listvinafélags Hallgrímskirkju frá upphafi er Hörður Áskelsson kantor Hallgrímskirkju. Framkvæmdastjóri félagsins er Inga Rós Ingólfsdóttir. Verkefnastjóri félagsins er Pétur Oddbergur Heimisson.

Stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju skipa að auki:
Dr. Salvör Nordal heimspekingur, formaður
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur, ritari
Auður Perla Svansdóttir, formaður Mótettukórs Hallgrímskirkju
Rósa Gísladóttir myndlistarmaður
Sigurður Sævarsson tónskáld

Varamenn:
Alexandra Kjeld verkfræðingur og tónlistarmaður
Benedikt Ingólfsson söngvari, fulltrúi Schola cantorum

Fulltrúar Hallgrímskirkju sitja einnig fundi Listvinafélagsins:
Jóhannes Pálmason lögfræðingur, formaður sóknarnefndar
Björn Steinar Sólbergsson organisti
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prestur
Sigríður Hjálmarsdóttir framkvæmdastjóri
Dr. Sigurður Árni Þórðarson sóknarprestur

Listrænn stjórnandi: Hörður Áskelsson
s. 693 6690 / hask@hallgrimskirkja.is
Framkvæmdastjóri: Inga Rós Ingólfsdóttir
s. 696 2849 / ingaros@hallgrimskirkja.is
Verkefnastjóri: Pétur Oddbergur Heimisson
s. 860-7435 / peturoh@gmail.com

**Miðasala fer fram við innganginn 1klst. fyrir tónleika og fyrir stærri viðburði einnig í Hallgrímskirkju s. 510 1000, opið daglega 9-17. Miðasala fer einnig fram á midi.is til áramóta 2019-2020, en verður eftir það á tix.is.**

Afsláttur er veittur fyrir nemendur, öryrkja, 67 ára og eldri, og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

Listvinafélag Hallgrímskirkju
Hallgrímstorgi 1
101 Reykjavík
Sími: 510 1000

Netfang:list@hallgrimskirkja.is
Heimasíða: listvinafelag.is

Þakkir fá allir þeir sem veita listastarfinu í Hallgrímskirkju mikilvægan stuðning sinn.

### Vilt þú gerast listvinur og styðja með því mikilvægt listastarf í Hallgrímskirkju?

Allir listunnendur geta orðið félagar, hvar á landinu sem þeir búa.
Vinsamlega sendu tölvupóst á list@hallgrimskirkja.is, með nafni, heimilisfangi, kennitölu og netfangi eða fylltu út eyðublað, sem liggur frammi í Hallgrímskirkju.
Árgjald: 9000 kr.

Afsláttarverð: 6.500 kr.
(67 ára + og nemendur yngri en 26 ára)
Árgjald hjóna: 7.500 kr. á mann.
Listvinir fá 40-50% afslátt á tónleika Listvinafélagsins og ókeypis aðgang að orgeltónleikum Alþjóðlegs orgelsumars yfir sumartímann.

FÉLAGSSKÍRTEINI Listvinafélagsins veitir afslátt hjá eftirtöldum fyrirtækjum:

**12 TÓNAR Skólavörðustíg 15 -15 %**
**Blómagallerí Hagamel 67, 107 R -10 %**
**Blómaval og Húsasmiðjan um allt land -10 %**
**Hljóðfærahúsið Síðumúla 20, 108 Reykjavík og Tónabúðin, Glerárgötu 30, 600 Akureyri 10% afsl. af vöruúttekt skv. samkomulagi**
**Kirkjuhúsið Laugavegi 31, 101 R -10 %**
**Hraði fatahreinsun Ægisíðu 110, 107 R - 20 %**
**Efnalaugin Björg Háaleitisbraut 58-60 - 20 %**
**Mál og menning Laugavegi 18 - 10 %**
**UPPLIFUN, bækur og blóm, Hörpu - 15 %**

ATHUGIÐ AÐ DAGSKRÁIN ER BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR.

*__The Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society__ was founded in 1982 with the goal to enrich and support the thriving art scene in Hallgrímskirkja, and to organize an ambitious and elaborate programme of music and art events.*

*The prestige of the art scene in Hallgrímskirkja has spread around the world particularly due to the successful and artistic performances of the Hallgrímskirkja choirs and organists, both in Iceland and abroad. The numerous international and local artists that participate in the various events organized by the society bear witness to the quality of the art scene. These include internationally renowned concert organists and members of the International Baroque Orchestra of Hallgrímskirkja, the latter which is a collective of some of the best active baroque musicians in the world.*

*The Friends of the Arts Society organized 50-60 concerts every year with the largest events being the International Organ Summer concert series (with 40 concerts during the summer) and the Hallgrímskirkja Christmas Music Festival in addition to the "Sálmafoss" music programme on Reykjavík Culture Night, 3-4 art exhibitions in the foyer of Hallgrímskirkja, the reading of the Passion Hymns on Good Friday etc.*

*The Friends of the Arts Society also supports and encourages diverse and high-quality music performances during religious ceremonies in the church in collaboration with the church choirs as well as guest performers.*

*Innovation has been a huge factor in the artistic direction of the Friends of the Arts Society's event planning and many Icelandic compositions have been premiered as part of its programme, as well as plays, new poems and psalms and of course openings of new artwork in the regular art exhibitions.*

*The Friends of the Arts Society is also the main supervisor of the Festival of Sacred Arts, which has taken place every 2-3 years since 1987.*

*The members of the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society provide a fundamental financial basis with their membership fees. This has enabled a highly ambitious and artistic programme of events on an annual basis. The Friends of the Arts Society also receives annual financial grants from the Hallgrímskirkja Congregation, The Music Fund of the Ministry of Education and the City of Reykjavík.*

*The Artistic Director of the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society is Hörður Áskelsson, cantor of Hallgrímskirkja. Manager is Inga Rós Ingólfsdóttir. Project Manager is Pétur Oddbergur Heimisson.*

*Current Members of the Board of the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society:*
*Dr. Salvör Nordal, philosopher, chairman.*
*Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, writer.*
*Auður Perla Svansdóttir, chairwoman of the Hallgrímskirkja Motet Choir.*
*Rósa Gísladóttir, artist.*
*Sigurður Sævarsson, composer,*

*Substitutes:*
*Alexandra Kjeld, engineer and musician.*
*Benedikt Ingólfsson, singer and member of Schola Cantorum.*

*Representatives of Hallgrímskirkja that also attend meetings of the Board:*
*Jóhannes Pálmason, lawyer, chairman of Hallgrímskirkja congregation board.*
*Björn Steinar Sólbergsson, organist.*
*Rev. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, priest.*
*Sigríður Hjálmarsdóttir, manager of Hallgrímskirkja.*
*Dr. Sigurður Árni Þórðarson, parish priest.*

*Email Address: list@hallgrimskirkja.is*
*Homepage: www.listvinafelag.is*

***Ticket sales for concerts and other events takes place in the foyer of Hallgrímskirkja 1 hour before and for larger events in Hallgrímskirkja, Telephone: 510-1000, which is open daily from 9am to 5pm. Tickets are also available on midi.is until January 1st 2020 and after that at tix.is.***

*Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society*
*Hallgrímstorg 1*
*101 Reykjavík, Iceland.*
*Telephone: 510-1000.*

### *Do you want to become a member of the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society?*

*All art-lovers can become members and support the art scene, regardless of their residence.*
*Send an email to list@hallgrimskirkja.is and give your name, address, social security number or fill out the form available in Hallgrímskirkja.*
*Annual membership fee: 9000 ISK.*

*Discount membership fee: 6500 ISK*
*(67 years +, and students younger than 26).*
*Membership for couples: 7500 ISK per person.*
*Members get 40-50% discount of all concerts organized by the Friends of the Arts Society and free entrance to organ concerts that are part of the International Organ Summer concert series.*

*Membership Cards give discounts at the following companies:*
***12 Tónar – music store, Skólavörðustígur 15 – 15% discount.***
***Blómagallerí - flower store, Hagamelur 67 – 10% discount.***
***Blómaval and Húsasmiðjan Stores, many locations – 10% discount.***
***Hljóðfærahúsið Síðumúla 20, 108 Reykjavík and Tónabúðin, Glerárgötu 30, 600 Akureyri- 10% discount***
***Kirkjuhúsið, Laugavegur 31 – 10% discount.***
***Hraði - dry cleaning, Ægisíða 110 – 20% discount.***
***Efnalaugin Björg – dry cleaning, Háaleitisbraut 58-60 – 20% discount.***
***Mál og Menning – book store, Laugavegur 18 – 10% discount.***
***Upplifun – book and flower store, Harpa Music Hall – 15 % discount.***

Nánari upplýsingar / *Furter information*: **listvinafelag.is**

Ljósmyndir / *Photos:*
Kristín Bogadóttir, Šárka Veronika o.fl.

NORDISK KULTURFOND
Reykjavíkurborg
Gunnar Eggertsson
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
HOTEL HOLT
HALLGRÍMSKIRKJA

*ATTENTION: THE SCHEDULE IS SUBJECT TO CHANCE.*

**listvinafelag.is • motettukor.is • scholacantorum.is**



Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson • Prentun: Litróf